

**Stjórn byggðasamlags UTU - 122. fundur
haldinn á Borg, föstudaginn 23. maí 2025
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson varamaður, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson formaður, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri. Róbert Ragnarsson frá KPMG, sat fundinn undir dagskrárlið 1.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Greiningarvinna KPMG

Róbert Ragnarsson frá KPMG sat fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir starfsemi UTU.

Stjórn felur formanni og Róberti að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

Lögð fram tillaga frá fulltrúa Ásahrepps, Ísleifi og fulltrúa Flóahrepps, Árna.

Tillagan hljóðar svo:

Samþykktabreyting

Fyrir liggja ítrekaðar óskir sveitarstjórnar Hrunamannahrepps á þá leið að heimild verði sett inn í samþykktir UTU á þann veg að sveitarfélagi sé heimilt að ganga úr núverandi skipulagsnefnd og starfrækja sína eigin skipulagsnefnd skipaða heimafólki með það að markmiði að koma í veg fyrir lýðræðishalla í skipulagsmálum og að meiri og minnihluti í sveitarstjórnnum hafi sömu aðkomu að málum. Ekki hefur reynst vilji annarra sveitarstjórna til svo afgerandi breytinga á samþykktum en mikill vilji er á áframhaldandi samstarfi um rekstur UTU. Til málamiðlunar leggjum við fram eftirfarandi tillögu að viðbót við samþykktir UTU:

IV. kafli

Stjórnskipulag

Kæmi inn sem næst síðasta setning í 8. gr.

Einnig hefur seturétt í skipulagsnefnd, í gegn um fjarfundarbúnað, einn fulltrúi sveitarstjórnar hvers sveitarfélags með áheyrnar og tillögurétt á fundum skipulagsnefndar. Sveitarfélög ákveða sjálf og bera ábyrgð á því hvernig þau kjósa að greiða fyrir sinn áheyrnarfulltrúa.

IV. kafli

Stjórnskipulag.

8. gr.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalmann og einn varamann í stjórn og skipulagsnefnd byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar og skipulagsnefndar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnar- og nefndarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. ágúst. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar og stýrir honum uns stjórnin hefur kosið formann.

Stjórn byggðasamlagsins skipar skipulagsnefnd eftir tilnefningum aðildarsveitarfélaga á fyrsta eða öðrum fundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Stjórnarmenn skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga. Stjórn byggðasamlagsins skipar formann skipulagsnefndar. Einnig hefur seturétt í skipulagsnefnd, í gegn um fjarfundarbúnað, einn fulltrúi sveitarstjórnar hvers sveitarfélags með áheyrnar- og tillögurétt á fundum skipulagsnefndar. Sveitarfélög ákveða sjálf og bera ábyrgð á því hvernig þau kjósa að greiða fyrir sinn áheyrnarfulltrúa. Um verkefni skipulagsnefndar fer samkvæmt gildandi skipulagslögum.

Samþykki allar sveitarstjórnir þessa tillögu verður hún send til afgreiðslu í viðkomandi ráðuneyti til samþykktar og að því búnu til auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda.

Umræða um aðrar breytingar á samþykktum sem þarf að gera til að ljúka samruna verkefna og m.a. hvernig uppgjöri og rekstri skuli háttað til framtíðar taka lengri tíma en stefnt er á að ljúka þeirri vinnu á árinu.

Stjórn UTU vísar tillögunni til umræðu í aðildarsveitarfélögum embættisins. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.11:20.

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir

Varamaður
Árni Eiríksson